

# Fundargerð 64. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 16. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Ása Valdís Árnadóttir ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Vindorka, valkostir og greining - 2201001SO

Rætt var um skýrslu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins „Vindorka - valkostir og greining“.

Stjórn fékk Guðjón Bragason lögfræðing til að vinna og setja saman umsögn um vindorkuskýrsluna fyrir hönd samtakanna.

Samantekt um efni umsagnar:

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Undanþága frá fasteignamati fyrir virkjanir er tímaskekkja sem verður að afnema.

Framtíðarsýn ætti að vera að ákvarðanir um skipulag og leyfisveitingar verði teknar á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda, heildstæðu regluverki og skýrum leiðbeiningum sem tryggja samræmda og skilvirka framkvæmd og fyrirsjáanleika í ákvarðanatöku.

Við mótun stefnu um staðsetningu vindorkuvera verði ekki eingöngu horft til verndarhagsmuna út frá löggjöf um vernd landslags, náttúru og menningarminja heldur þarf vindorkunýting einnig að vera í sátt við hið byggða umhverfi. Að slík starfsemi byggist einkum upp á röskuðum svæðum í grennd við iðnaðarsvæði er nálgun sem hugnast SO almennt vel en þörf er á frekari umræðu um hvort raunhæft er að einskorða þessa starfsemi við slík svæði.

Skipulagsvaldið er hornsteinn sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga. Fela ætti sveitarstjórnnum mun meira ákvörðunarvald um staðsetningu og umfang virkjana. Stjórnarsýsla orkumála hér á landi er um margt frábrugðin því sem gildir í samanburðarlöndum og er á engan hátt sjálfgefið að rammaáætlun verði áfram í gildi.

Takmarkanir á ákvörðunarvaldi sveitarstjórna þurfa að vera skýrt rökstuddar með tilliti til almannahagsmuna, þótt jafnframt þurfi að byggja inn í ferlið að hagsmunir nálægra sveitarfélaga og annarra atvinnugreina séu virtir og að markmið um vernd náttúru- og menningarminja séu tryggð.

Settar eru fram ábendingar um mögulegar úrbætur á núverandi ferli rammaáætlunar. SO telur afar mikilvægt að kynning á fyrirhuguðum vindorkuverum fari fram áður en Orkustofnun vísar slíkum virkjanakostum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og jafnvel kæmi til álita að strax á því stigi geti sveitarstjórnir hafnað eða a.m.k. frestað því að einstakir virkjanakostir fari í formlegt ferli, t.d. ef sýnt þykir að þeir fari í bága við aðalskipulag sveitarfélagsins. Forsenda slíkrar málsmeðferðar er að gæði gagna sem fylgja virkjanakostum á frumstigi verði betri en nú er raunin.

Stjórn samþykkir *umsögnina* og felur formanni, Ásu Valdísi Árnadóttur að skila umsögninni inn í samráðsgáttina fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga. Umsögnin í heild sinni verður jafnframt send á öll aðildarsveitarfélögin og birt á heimasíðu orkusveitarfélaga. Stjórn hvetur sveitarstjórnir til að taka undir umsögnina og/eða skila inn umsögn um vindorkuskýrsluna. Stjórn þakkar Guðjóni Bragasyri fyrir hans vinnu.

Fundi var slitið kl. 09:00

---

Ása Valdís Árnadóttir

---

Árni Eiríksson

---

Guðný Birna Guðmundsdóttir

---

Jónína Brynjólfsdóttir

---

Knútur Emil Jónasson

---

Einar Kristján Jónsson